

# Stjórnarfundur 21/03/2022.

## Haldinn í fundarsal ÍSÍ og rafrænt á Zoom.

**Mætt:** Bergrún Stefánsdóttir (BS), Magnús Ingólfsson (MI), Ólafur Már Hreinsson (ÓMH), Atli Már Sigurðsson (AMS), Ragnar Sverrisson (RS).

**Boðuð forföll:** Kara Arngrímsdóttir (KA), Jóhann Gunnar Arnarsson (JGA).

1. Mótin framundan.  
Dómarar komnir fyrir marsmót og verða einhverjir eftir til að kenna en vantar ennþá sal fyrir það. Búið er að panta borð og stóla frá Exton sem verður afhent í húsið.  
Veitingasala verður á mótinu og er borðasala hafin.  
Það vantar starfsfólk á keppnina þá aðallega í tölvuvinnslu, einnig upp á framtíðina að gera.  
Samþykkt er að vera með ljóskastara á mótinu.
2. Kynningardansar.  
Mótanefnd leggur til að kynningardansar verði eingöngu í börn 1 og börn 2 þar sem keppt er beint til úrslita, samkvæmt gildandi reglum verða kynningarumferðir á þessu móti. Erindi verður sent á félögin til að fá þeirra álit á því hvernig þeirra hugur sé varðandi framhaldið.
3. Erindi frá mótsstjórn.  
Skýrsla mótsstjórnar yfirfarin og rædd  
Athugasemd er gerð við að verlaunaafhending sé sett inn í dagskrá án þess að rennsli sé breytt.
4. Erindi frá mótsstjóra.  
Erindið var rætt og ákvörðun var tekin sem verður kynnt viðeigandi félagi.
5. Breyting á verklagsreglum keppnisstjóra.  
Mótanefnd leggur til að sóló dansar verði eingöngu á Íslandsmótum en ekki bikarmótum, afgreiðslu frestað og verður borið upp við félögin.
6. Erindi frá formanni HK.  
Athugasemd er gerð við að erindi sé sent til ÍSÍ og DSÍ varðandi málefni sem kemur hvorki DSÍ né WDSF við.  
Eins leiðinlegt og þetta mál virðist vera þá er þetta mót á vegum einkaaðila erlendis og kemur DSÍ ekkert nálægt því og því ekki hlutverk DSÍ að dæma um réttmæti ákvörðunar sem deilt er um.
7. Keppnisgjöld.  
Keppnisgjöld í dag eru 6000 kr. pr dag og er hámark á fjölskyldu 18000 kr. pr keppni.  
Gjöld verða óbreytt og verður tekin upp nánari umræða á næsta dansþingi.
8. Dansþing.  
Haldið 18. maí 2022.  
Ræða á við Hafstein og Valdimar um starf þingforseta.  
Uppstillingarnefnd ræða á við Tinnu Karen, Lindu, Doris og tryggja að framboð berist í öll embætti sem eru til kosninga.
9. Skipting tíma hjá gestakennurum á vegum DSÍ.  
Rætt var um að skipta tímum jafnt á milli allra para.

10. Kanna möguleika á að halda EM eða HM í 10 dönsum á Íslandi.

Umræða opnaðist og var talað um að gaman gæti verið að halda svona mót en þar sem kostnaður við þetta er mikill þá var þessu máli vísað frá að svo stöddu.

11. Önnur mál.

- a) Bent var á að á síðasta móti fékk þar merkingu í dómakerfinu án þess að hafa keppt og endaði í 8. sæti, senda þarf áminningu um að yfirfara þurfi að öll pör séu á gólfinu og þá taka út það þar eða pör sem ekki eru mætt.
- b) Spurt var um hvað væri greitt fyrir uppsetningu og niðurtekt og hverjar væru skildurnar hjá þeim sem tæku að sér þau mál.
- c) Bergrún tilkynnti að hún verður stödd erlendis frá 16 – 30 apríl og frá 5 – 19 júní 2022. Hún mun svara tölvupóstum eftir því sem hægt verður.
- d) Bergrún afhendir uppsagnarbréf sem framkvæmdastjóri DSÍ og tilkynnir að það starf sé laust.  
Minnt er á að skila þarf inn tilkynningu um framboð til formanns í síðasta lagi 21 degi fyrir dansþing.

Næsti fundur

2. maí 2022 kl 20:30

Þannig fram farið.

Magnús Ingólfsson Ritari.